

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs.*
Í breytingunni felst að aukahús má vera allt að 40 m² í stað 25 m² og hámarksnýtingarhlutfall á lóð verður 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. apríl 2008.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar Undirhlíðar í landi Minna-Mosfells.*
Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall lóða verður 0,03 í stað þess að hámarksstærð húsa sé 150 m² og hámarksstærð geymslu, svefnhúss eða gróðurhúss verður 40 m² í stað 25 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 3. apríl 2008.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. ágúst 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. ágúst 2008